

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík, Sími 5676400, Símbref 5676420,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Erindi nr. P 132/2043
komudagur 3.5.2006

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2006


Frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, mál 688.

Veidimálastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands. Fagnar stofnunin framkomnu frumvarpi. Löngu er tímabært að taka til hendi er varðar safn á þessu sviði, eins og reyndar kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Veidimálastofnun vill þó benda á að fleiri stofnanir og aðilar stunda rannsóknir á náttúru Íslands en Náttúrufræðistofnun. Þeirra stærstar eru Hafrannsóknastofnun sem fer með rannsóknir á náttúru sjávar og Veidimálastofnun sem fer með rannsóknir á náttúru ferskvatns, en auk þess eru fleiri aðilar eins og náttúrustofur og Orkustofnun. Náttúrugripasafnið hefur verið tengt Náttúrufræðistofnun sbr. lög nr. 60/1992. Ástæða er að styrkja vísindalegan bakhjarl Náttúruminjasafns og útvíkka hlutverk þess þannig að það nái til allrar íslenskrar náttúru með aðkomu þessara stofnanna, t.d. í 3. grein frumvarpsins. Einnig mætti hugsa sér að stjórn yrði á safninu og fulltrúar þessara stofnanna ættu þar fulltrúa ásamt ráðuneyti og e.t.v. fleiri aðilum.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið og leggur til að það verði að lögum með þeim breytingum sem lagðar eru til hér að framan.

Virðingarfyllt,


Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri